

ÁHÆTTUSTEFNA HEIMAVALLA

Rekstur Heimavalla byggir á því að kaupa íbúðir og leigja þær á almennum leigumarkaði. Í starfsemi sinni leggur félagið áherslu á örugga langtímaleigu, sanngjarnt leiguverð og góða þjónustu.

Áhættustefna félagsins er sett með það að markmiði að tryggja sem best grunnrekstur félagsins sem skiptist í útleigu, fjármögnun og fasteignausmjón á sem hagstæðastan hátt með lágmarkskáhættu.

Félagið flokkar áhættuþætti sína í eftirfarandi svið:

1. Efnahags- og markaðsáhætta: *Efnahagsbreytingar sem hafa áhrif á afkomu félagsins.*
2. Fasteignaáhætta: *Atburðir varðandi fasteignir, viðhald, uppbyggingu og rekstur þeirra.*
3. Fjárhagsáhætta: *Atriði sem hafa bein fjárhagsleg áhrif á félagið.*
4. Lagaleg áhætta: *Breytingar á lagaumhverfi og hlítning á lögum og reglum.*
5. Upplýsingatækniáhætta: *Innleiðing, notkun og viðhald upplýsingakerfa og gagnaöryggi.*
6. Rekstraáhætta: *Ýmislegt annað sem fellur ekki undir flokka 1-5.*

Félagið endurskoðar áhættugreiningu félagsins árlega fyrir 1. september ár hvert og endurskoðar verklag og/eða úrbótaverkefni er tengjast þeim áhættuþáttum sem fá í áhættuskor einkunn sem er 9 eða hærrí. Samhliða skal meta hvort að ástæða sé til sérstakra aðgerða vegna áhættuþátta sem fá 6 eða 8 í einkunn. Ekki er ástæða til sérstakra aðgerða vegna þátta sem hafa áhættuskorið 4 og lægra

Ábyrgð og hlutverkaskipan varðandi áhættustýringu Heimavalla er eftirfarandi:

Stjórn:

Setur áhættustefnu, tekur stærri ákvarðanir og ber ábyrgð á áhættustýringu félagsins.

Framkvæmdastjóri:

Ber ábyrgð að framkvæmd sé árleg áhættugreining og tryggir að nauðsynleg umbótaverkefni er lúta að áhættustýringu séu unnin. Þá ber framkvæmdastjóri ábyrgð á því að árleg áhættugreining og endurskoðuð áhættuhandbók sé kynnt fyrir stjórn félagsins fyrir lok september hvers árs.

Framkvæmdaráð:

Fer yfir árlega áhættugreiningu og útfærir nauðsynleg úrbótaverkefni og hrindir þeim í framkvæmd og ber ábyrgð á að þau séu unnin innan þeirra tímamarka sem þeim eru sett.

Áhættustefna þessi tekur gildi við samþykkt stjórnar félagsins og skal endurskoðuð árlega fyrir lok september ár hvert.

Samþykkt af stjórn Heimavalla – 13. júlí 2017.

